

Bæjarveitur Vestmannaeyja

19. desember 2025  
UOS2501367/S.M.

## Efni: Reglubundið eftirlit þann 17. nóvember 2025 – ID 49

Þann 17. nóvember 2025 fór fram reglubundið eftirlit með aflögðum urðunarstað Vestmannaeyjabæjar í Búastaðagryfju. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

### Tvö frávik kom fram er varða:

1. Gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun. Rekstraraðili skal skrá upplýsingar, sbr. lista í gr. 1.7, og skila niðurstöðunum fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Rekstraraðili hefur ekki skilað skráningum vegna ársins 2024.
2. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I, II og IV, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfis- og orkustofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út. Í Búastaðagryfju er rekinn urðunarstaður án starfsleyfis, en slíkt er starfsleyfisskilt hjá Umhverfis- og orkustofnun.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 16. janúar 2026.

Virðingarfyllt,

*Sigríður Magnúsdóttir*  
teymi eftirlits

*Freyr Ævarsson*  
teymi eftirlits